

**Ed.**

**324. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (IngP) ritar þó undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv.

Framangreind lög frá 8. sept. f. á. eiga að falla úr gildi 15. júní í ár, en vegna þess að ekki hefur enn rætt úr húsnæðisvandræðum í kaupstöðum og kaптúnum landsins, telur nefndin óhjákvæmilegt að framlengja lögín um eitt ár og leggur því til, í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að lögunum verði breytt í þá átt.

**BREYTINGARTILLAGA.**

Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

Alþingi, 5. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr., með fyrirvara.

Magnús Gíslason,  
frsm.